

REGLUGERÐ

um (23.) breytingu á reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

87) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1328 frá 16. maí 2024 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi oktametýlsýklótetrasiloxani (D4), dekametýlsýklópentasiloxani (D5) og dódekametýlsýklóhexasiloxani (D6)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tl. 12zc, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2024, þann 6. desember 2024. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 20. febrúar 2025, bls. 856-861.

88) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2462 frá 19. september 2024 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar úndekafluóróhexansýru (PFHxA), sölt hennar og skyld efnasambönd, sem vísað er til í tl. 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 282/2024, þann 6. desember 2024. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 20. febrúar 2025, bls. 868-874.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1328 frá 16. maí 2024 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi oktametýlsýklótetrasiloxani (D4), dekametýlsýklópentasiloxani (D5) og dódekametýlsýklóhexasiloxani (D6)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2462 frá 19. september 2024 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar úndekafluóróhexansýru (PFHxA), sölt hennar og skyld efnasambönd.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga, nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 13. maí 2025.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.